

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1993

7. júlí 1993

531

Nr. 288

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku
fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína,
sbr. breytingu með reglugerð nr. 497/1992.**

1. gr.

1. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990, sbr. 5. gr. rg. nr. 497/1992 orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal reiknuð eftir seldum afurðum þannig að endurgreitt verði:

Fyrir hvert kg svinakjöts	4,9 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3,2 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga- og alifuglakjöts	3,7 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	3,7 kg fóðurs

2. gr.

4. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990, sbr. rg. nr. 497/1992, orðist svo:

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknist 8,1 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpflugla, reiknist 4,5 kg fóðurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. ágúst 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

7. júlí 1993

Nr. 289

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 11. maí 1993, um humarveiðar 1993.

1. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að framselja minna aflamark í humri til báta, sem stunda rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði og ekki hafa humraflahlutdeild fyrir. Aflamark það sem framselt er má þó aldrei vera hærra en nemur eðlilegum humaraukaafli við rækjuveiðarnar að mati Fiskistofu.

Steindórsprent Gutenberg hf.